



Stjórnarfundur 10 fimmtudaginn 27. maí 2010 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt.: Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Aðalheiður Sigursveinsdóttir

Afboð og mættu ekki: Svala Vignisdóttir, Davíð Búi Halldórsson, Valdimar Hafsteinsson, Óskar Hauksson og Hreggviður Norðdahl.

Dagskrá

- Ársþing - tillögur, nefndarskipan og fl.
- Reglugerð Öldungamóts.
- Deildarkeppni næsta tímabils.
- Landslið
- Önnur mál

Fundargerð

Ársþing – tillögur, nefndarskipan og fl.

- Aðalheiður Sigursveinsdóttir segir frá ársreikningi sambandsins fyrir árið 2009. Reikningurinn kemur nokkuð vel út og útlitið á þessu ári er gott. Skuldir hafa lækkað töluvert. Hún segir frá því að með þinggögnum fái fulltrúar á þinginu greiningu eftir verkefnum, þ.e. landsliðsverkefnum, Íslandsmóti og bikarkeppni. Greiningarblaðið sé þó gert fyrir hvert leiktímabil en ekki almanaksár.
- Eina tillagan sem enn hefur borist er tillaga mótanefndar um reglugerð Íslandsmótsins.
- Aðalheiður biður um orðið og nefnir Yngriflokkamál. Hún hefur áhyggjur af því tengsl milli stjórnar og yngriflokkanefndar séu ekki nógu skýr og vanti á sumum sviðum. Stefán talar aðeins fyrir hlutverki yngriflokkanefndar og að hún sjái alfarið um starfsemi yngriflokkanna, mót og hæfileikabúðir og slíkt.
- Skipan í nefndir þingsins:
 - Kjörbréfanefnd; Svala Vignisdóttir
 - Fjárhagsnefnd; Aðalheiður Sigursveinsdóttir
 - Uppstillingarnefnd; Jón Ólafur Valdimarsson
 - Allsherjarnefnd; Valdimar Hafsteinsson
- Jason mun hafa samband við þá aðila sem ekki voru á fundinum og láta þá vita.
- Stefán og Davíð Búi eiga að víkja úr stjórn og hefur Davíð Búi greint frá því að hann gefi ekki kost á sér áfram. Stjórnarmenn munu ræða við aðila um stjórnarsetu.
- Aðalheiður mun á þinginu ræða aðeins útbreiðslumál og skýra hluti sem sjá má í ársreikningi. Hún biður um að útbreiðslu þarf að skilgreina til þess að hægt sé að stýra fjármagni í málaflokkinn. Þingið ætti þannig að taka svoltið á þessum málaflokki og búa til góðan vinnuhóp í framhaldinu.

Landsliðsmál

- A landsliðin eru klár og fara út í júní. Hefur verið gengið frá öllum æfingatímum fyrir liðin en það er erfitt sökum þess að íþróttahúsin loka yfir sumarið vegna fjárhagserfiðleika. Búið er að ganga frá flugmiðum fyrir landsliðin og pappírsvinna er eftir sem klárast á allra næstu dögum.

- Fararstjórar verða Valdimar Hafsteinsson fyrir karlaliðið og Mundína Kristinsdóttir fyrir kvennaliðið. Jón Ólafur Valdimarsson fer með karlaliðinu út að dæma og Leifur Harðarson fer með kvennaliðinu.
- Enn á eftir að ganga frá lausum endum með fararstjórunum, kaupa gjafir fyrir fyrirliða og mótshaldara, að öðru leyti er verkefnið að mestu leyti klárt.

Reglugerð um öldungamót var tekið út úr dagskránni þar sem fundarmenn höfðu ekki fundargerð nefndarinnar í höndunum. Reglugerðin verður því lögð fram á ársþingi BLÍ eins og hún mun koma úr nefndinni.

Deildakeppni næsta keppnistímabils

- Vandamál hefur komið upp vegna höfnun mótanefndar á að HK C fari í 2. deild kvenna. Málið snýst um að fyrir sé HK með lið í 2. deild og að ekki mega vera tvö lið frá sama félagi í sömu deild. Millilending í málinu verður sú að næsta keppnistímabil verði 8 lið í 2. deild kvenna og að HK liðið sem nú er spili undir merkjum Ýmis.
- Þá ber leikmönnum Ýmis að hafa félagaskipti úr HK í Ými fyrir næstkomandi keppnistímabil og þarf sú tilkynning að berast til Blaksambands Íslands.
- Staðfestingar þónokkurra liða hafa borist BLÍ en þó ekki öllum. Reynt er mikið að fá fleiri lið inn í efstu deild karla. Lagði Sævar til að mótanefnd skili skýrslu til stjórnar um fjölda liða í deildum og umsóknir móta á vegum BLÍ, s.s. Haustmót BLÍ, 3. deildarmótin, Bikarmótin etc. Skýrslunni skal skilað fyrir 1. fund á nýju starfsári.

Önnur mál

- Framkvæmdastjórinn tilkynnti stjórn BLÍ um sumarfrí sitt. Fríð er í tvær vikur í júní og tvær vikur í júlí a.m.k. Skrifstofan verður lokuð frá 8. júní til 21. júní. Þá fer framkvæmdastjórinn aftur í frí 5. júlí. Mikilvægt er að stjórnarfundur verði haldinn í vikunni eftir 21. júní.

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð